

Fimmtudaginn 1. október 1998.

Nr. 415/1997.

Hítaveita Reykjavíkur

(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)

gegn

Engilbert Þórðarsyni

(Ástráður Haraldsson hrl.,

Björn L. Bergsson hdl.)

og gagnsök

og

Engilbert Þórðarson

gegn

Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf.

(Pórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 8. október 1997. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar þeirra. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði 6. febrúar 1998. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi og stefndi verði dæmdir in solidum til að greiða sér 1.639.205 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. júlí 1996 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum hans og málskostnaður falli þá niður.

Eftir uppsögu héraðsdóms leiddi aðaláfrýjandi fyrir dóm vitnið Árna Gunnarsson, en hann var yfirverkfræðingur aðaláfrýjanda, þegar Nesjavallavirkjun var byggð. Hefur endurrit vitnaleiðslunnar verið lagt fyrir Hæstarétt. Þar kemur meðal annars fram, að gufuveita virkjunarinnar hafi ekki verið komin í rekstur 27. júní 1990, en

hún hafi verið prófuð, tekin út og höfð „undir þrýstingi og í heitu ástandi“. Eiginlegan rekstur hafi ekki verið unnt að hefja, fyrr en virkjunin væri tilbúin til þess að taka við gufunni. Einnig hafa verið lagðar fyrir Hæstarétt teikningar og skýringarmyndir af lögnum í stöðvarhúsi virkjunarinnar.

I.

Gagnáfrýjandi slasaðist við vinnu sína í stöðvarhúsi Nesjavalla-virkjunar um kl. 20.45 að kvöldi miðvikudagsins 27. júní 1990, þegar brennisteinsvetni steig upp í loft frá lögnum, er hafði verið opnuð af starfsmönnum Vélsmiðju Kristjáns Magnússonar, með þeim afleiðingum, að hann fékk aðsvif og féll niður. Varanleg læknisfræðileg örorka hans var metin 20%. Vélsmiðjan hafði keypt ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sem viðurkenndi bótaskyldu tryggingartaka. Samkvæmt útreikningum félagsins var heildartjón hans að viðbættum innheimtulaunum, virðisaukaskatti og útlögðum kostnaði talið nema 3.079.803 krónum. Þegar tekið hafði verið tillit til frádráttar vegna skattfrelsis bóta og hagræðis eingreiðslu svo og greiðslna frá vinnuveitanda og Tryggingastofnun, skyldu koma í hlut gagnáfrýjanda 2.846.466 krónur. Vélsmiðjan skuldaði hins vegar tryggingafélaginu iðgjöld, og skuldajafnaði félagið þeim við bótagreiðsluna, þannig, að gagnáfrýjandi fékk aðeins greiddar 1.640.323 krónur 25. október 1991. Hann höfðaði því mál gegn vélsmiðjunni og eigendum hennar fyrir eftirstöðvunum, 1.439.480 krónum, á þeim forsendum, að starfsmaður þeirra hefði valdið slysinu með vítaverðu gáleysi og stefndu bæru á því hús-bóndaábyrgð. Var á því byggt, að starfsmaður smiðjunnar hefði opnað fyrir frárennislögn, sem eitrað gas hefði streymt um. Gufu hefði verið hleypt á lagnir skömmu áður og eftirlitsmenn gefið fyrir-mæli um, að lögn þessa mætti ekki opna án samráðs við þá. Jafn-framt hefði verið sett upp spjald á lokið með samhljóða viðvörðun. Starfsmanni smiðjunnar hafi því mátt vera ljóst, að gjörðir hans yllu stórkostlegri hættu fyrir alla, sem í stöðvarsalnum voru. Brenni-steinsvetnið sé litlaus, mjög eitruð lofttegund, og því hafi starfs-manninum borið að fara eftir gefnum öryggisleiðbeiningum.

Með dómi bæjarþings Njarðvíkur 12. maí 1992 voru kröfur gagn-áfrýjanda á hendur þessum aðilum teknar að fullu til greina, en þeir

hvorki sóttu né létu sækja þing. Gagnáfrýjandi reyndi að innheimta dómskuldina hjá vélsmiðjunni, en kveður smiðjuna og eigendur hennar hafa orðið gjaldþrota og greiðslu frá þeim einungis hrokkið fyrir áföllnum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Þá krafði gagnáfrýjandi stefnda og aðaláfrýjanda, en þeir höfnuðu bótaskyldu, svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram af hálfu gagnáfrýjanda, að hann beinir kröfum sínum að aðaláfrýjanda og stefnda sameiginlega, og telur þá og Vélsmiðju Kristjáns Magnússonar bera óskipta ábyrgð á tjóni sínu, þar sem slysið hefði ekki orðið nema fyrir atbeina þeirra allra.

II.

Árið 1990 var unnið að lokafrágangi Nesjavallavirkjunar Hita-veitu Reykjavíkur. Starfaði Vélsmiðja Kristjáns Magnússonar þar sem sjálfstæður verktaki meðal margra annarra og annaðist útboðsverk nr. 25, uppsetningu og tengingu tækja. Skyldi ljúka verkinu 6. apríl 1990, en það tókst ekki. Var þá gerður viðbótarsamningur um verklok 1. júní 1990, en verktakanum tókst ekki að ljúka verkinu innan þeirra tímamarka. Ágreiningslaust er, að lokaúttekt á verkinu var 29. júní 1990 og að aðaláfrýjandi tók þá við því. Verkið var því á lokastigi miðvikudaginn 27. júní, þegar gagnáfrýjandi varð fyrir slysinu.

Aðstæður voru þannig, að utan stöðvarhússins var hluti af gufuveitu. Búið var að hita hana upp og taka hana út, eins og áður greinir. Frárennsli frá henni tengdist inn á frárennislögn frá stöðvarhúsinu. Þannig komst gas að utan inn á lögn í virkjuninni. Eftir gögnum málsins verður að ætla, að þetta hafi uppgötvast, þegar sprenging varð skömmu fyrir slys þetta, er verið var að logsjóða inn á þessa lögn í stöðvarhúsinu. Eftir það var mönnum ljóst, að þessa lögn þyrfti að umgangast með varúð, og var það almenn vitneskja þeirra, sem þarna störfuðu.

Eitt af óloknum verkum vélsmiðjunnar var einmitt að skipta um blindlok á þessari lögn inni í stöðvarhúsinu, þar sem á henni var bráðabirgðalok. Þegar verktakinn hafði fengið blindlok úr réttu efni, skyldi það sett á. Þau skipti þurfti að gera mjög hratt, eftir sérstakri verklagsreglu, sem ákveðin var af tæknilegum eftirlitsmön-

um stefnda. Hún fólst í því að hleypa lofti og gasi úr leiðslunni með því að loka og opna loka á sérstakri leið á lögnunum, til þess að gasið færi út, en færi ekki út úr lögninni inni í stöðvarhúsinu, þegar blindlokið væri tekið af.

Í héraðsdómi segir, að Unnsteinn Egill Kristinsson, verkstjóri vélsmiðjunnar, hafi komið að máli við Sigurð Ólafsson eftirlitsmann fyrr um daginn 27. júní og óskað eftir því, að verkið yrði unnið, en Sigurður aftekið það, því að of margir hafi verið í vélarsalnum á þeim tíma. Eins og greinir í héraðsdómi, var bæði Unnsteini verkstjóra og Kristjáni Magnússyni kunnugt um, að gas hafði verið í lögninni og gæti verið þar og hún væri því hættuleg og að samráð yrði að hafa við eftirlitsmennina um að skipta á blindlokinu.

Starfsmenn stefnda, verkfræðingarnir Egill Jónsson og Sigurður Ólafsson, höfðu yfirumsjón og eftirlit með störfum verktaka á staðnum. Svo sem nánar greinir í héraðsdómi, kom Egill að starfsmönnum vélsmiðjunnar um kvöldið, þar sem þeir voru að skipta um blindlokið. Þá voru bæði Kristján Magnússon og Unnsteinn verkstjóri farnir af svæðinu og einnig Sigurður eftirlitsmaður. Starfsmenn vélsmiðjunnar voru því án verkstjóra. Af fyrstu skýrslum, sem teknar voru og raktar eru í héraðsdómi, má ljóst vera, að starfsmennirnir hafi verið búnir að losa bráðabirgðalokið af og verið að setja nýja lokið á, þegar Egill kom að þeim. Þetta höfðu þeir gert án þess að fara að fyrirmælum þeim, sem gefin höfðu verið verkstjórum þeirra. Þess vegna höfðu ekki verið gerðar þær ráðstafanir, sem að ofan er lýst, til þess að gasið færi aðra leið út úr lögninni. Því hefur gasið verið í lögninni og farið úr henni á þessum stað, þegar hún var opnuð. Verður fallist á það með héraðsdómi, að viðbrögð Egils hafi verið eðlileg við þessar aðstæður. Vegna þessa verður staðfest sýkna stefnda af kröfum gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi hafði samið við stefnda um að vera aðalráðgjafi við virkjunina og hafa eftirlit með framkvæmdum undir stjórn staðarverkfræðings frá stefnda. Aðaláfrýjandi hafði því falið stefnda eftirlit með störfum verktaka, þar á meðal Vélsmiðju Kristjáns Magnússonar.

Ljóst er, að rekstur Nesjavallavirkjunar hafði ekki verið hafinn, þegar slysið varð, þótt gufuveita hennar hafi verið tekin út. Ýmsar lagnir höfðu verið prófaðar, og hafði komið í ljós, að eitraðar gufur

gátu verið í sumum þeirra. Um það var forsvarsmönnum Vélsmiðju Kristjáns Magnússonar kunnugt. Þess vegna höfðu eftirlitsmenn gefið fyrirmæli um, að viðkomandi lögn yrði ekki opnuð án samráðs við þá. Starfsmenn vélsmiðjunnar opnuðu þó lögnina andstætt þessum fyrirmælum, án þess að verkstjóri eða annar fyrirsvarismaður þeirra væri viðstaddur. Af þessu má ljóst vera, að slysið hefði ekki orðið, ef verktakinn eða starfsmenn hans hefðu fylgt þeim fyrirmælum, sem eftirlitið hafði gefið. Vegna vitneskju verktakans um hættuna, sem gat stafað af opnun lagnarinnar, verður að telja þetta frumorsök slyssins. Starfsmenn aðaláfrýjanda komu þar hvergi nærri og höfðu ekki áhrif á þessa atburðarás. Engin ábyrgð verður því felld á aðaláfrýjanda á þessu slysi. Verður hann einnig sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að hver aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Hitaveita Reykjavíkur, og stefndi, Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf., skulu vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Engilberts Þórðarsonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Gögn málsins leiða í ljós, að eftirlit með framkvæmdum við fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar, sem var varmaorkuver og byggður á árunum 1988–1990, hafi verið skipulegt og ýtarlegt og að þeim unnið reyndir verktakar. Eigi að síður urðu mistök við þessar framkvæmdir 27. júní 1990, þegar brennisteinsvetni úr jarðgufu frá gufuveitu orkuversins barst út um op við enda á gufuleiðslu í stöðvarhúsi með þeim afleiðingum, að gagnáfrýjandi, sem var að vinnu uppi undir lofti í húsinu, fékk svima og hrapaði langleiðina niður að gólfi, svo að minnstu munaði, að hann hlyti bana af. Hann hafði ekki haft aðstöðu til að fylgjast með því verki, sem yfir stóð við gufuleiðsluna, og ekki fengið viðvörun um, að hætta gæti verið á ferðum. Jafnframt var hann ekki starfsmaður vélsmiðaverktakans, sem setti upp

leiðsluna, heldur annars verktaka, sem hafði raflagnir með höndum. Eru engin efni til að álykta af því, sem kunnugt er um málsatvik, að hann eigi nokkra sök á slysinu.

Aðaláfrýjandi, Hitaveita Reykjavíkur, var eigandi og byggjandi orkuversins og hafði tekið við gufuveitu þess til prófunar og til-raunareksturs, nokkru áður en slysið varð, meðan ýmsum öðrum verkefnum var ólokið. Óumdeilt er, að veituleiðslan, sem hér kom við sögu, var og átti að vera tóm eða „köld“, þannig, að vinna mætti við hana þess vegna. Hins vegar gat gufa borist inn í hana öfuga leið frá samtengdu frárennsli hennar og gufuveitunnar utan húss, og höfðu menn uppgötvað það sér að óvörum nokkru fyrr, þegar sprenging varð af brennisteinsvetni við logsuðuvinnu, sem þó var undir eftirliti. Reynslan í það sinn leiddi á hinn bóginn ekki í ljós, hvort lofttegundin myndi leita upp eða niður, ef hún bærisk út úr leiðslunni. Gerðu kunnáttumenn á staðnum fremur ráð fyrir hinu síðara vegna eðlisþyngdar efnisins.

Verkið, sem leiddi til slyssins, var unnið seint á degi, þegar fátt var um menn í stöðvarhúsinu, og fólst í því að skipta um lok á leiðsluendanum. Voru það tveir ungir starfsmenn Vélsmiðju Kristján Magnússonar, sonur og stjúpsonur Kristjáns, sem þetta gerðu. Í héraðsdómi er talið ósannað, að þeir hafi byrjað verkið í samráði við Egil Jónsson staðarverkfræðing eða að fyrirmælum hans. Má á það fallast að minnsta kosti að því marki, að þeir hafi ekki haft beint samband við Egil, áður en þeir hófust handa. Hins vegar er einnig ósannað, að verkið hafi verið unnið gegn brýnum fyrirmælum eða banni staðarverkfræðings eða fulltrúa hans, Sigurðar Ólafssonar, sem hafði hið beina eftirlit með vélsmiðjuvinnunni og var farinn af staðnum fyrir stundu annarra erinda. Meðal annars verður að telja ljóst, að piltarnir hafi staðið rétt að sjálfu verkinu að öllu leyti og þannig farið eftir fyrirsögn verkstjóra síns, sem skildi við þá skömmu áður, en fyrir liggur, að þeir Sigurður Ólafsson höfðu rætt saman um verkefnið fyrr um daginn. Þannig byrjuðu piltarnir með því að skrúfa frá loka við endann til að tæma þéttivatn af leiðslunni, ef um það væri að ræða, en frá lokanum lá þröng slanga að niðurfalli í gólfi. Er einungis vafamál, hvort tíminn, sem þeir létu líða, áður en þeir opnuðu leiðsluendann, var af heppilegustu lengd. Það var síðan einfalt og fljótlegt verk að skipta um blindlok og gekk áfalla-

laust þrátt fyrir nokkurt útstreymi lofts úr leiðslunni. Jafnframt er það staðreynd, að verktakanum var brýnt að koma þessu verkefni frá, þar sem hann átti að skila verki sínu á næstu dögum og tíminn var heppilegur að öðru jöfnu, eins og fyrr segir. Ekkert liggur fyrir skriflegt um það, hvernig Sigurður Ólafsson atlaðist til, að staðið yrði að verkinu, um annað en það, sem piltarnir gerðu, nema pappaspjaldið, sem um er deilt í málinu og ekki verður séð, hvernig fest hafi verið við leiðsluna. Er í raun óljóst, hvort Sigurður hafi gert ráð fyrir að opna fyrir loka á leiðslu út í kastháf hinum megin hússins, þótt sú ráðstöfun sé nú talin hafa verið sjálfsgöð. Það eitt er víst, að til hennar var ekki gripið á neinu stigi.

Samkvæmt öllu þessu er ósannað, að mistök við verkið verði rak-in til Vélsmiðju Kristjáns Magnússonar með þeim hætti, að ábyrgð þessa verktaka útrými ábyrgð annarra á slysinu. Var gagnáfrýjanda því rétt að beina kröfum að stefnda og aðaláfrýjanda, og er hann óbundinn af fyrri málflutningi gegn verktakanum.

Framganga staðarverkfræðings og fulltrúa hans við eftirlit með verkefninu og viðbrögð hins fyrrnefnda, þegar hann kom á vettvang og ræddi við piltana, eru ekki sannfærandi að öllu leyti, og er ástæðna til þess áður getið að nokkru. Er ein þeirra sú, að þeim var ekki ljóst, að brennisteinsvetnið myndi leita upp vegna hitans á lofti úr leiðslunni, eins og nú er talið líklegast. Eigi að síður verður að ætla, að Sigurður Ólafsson hafi reynt að tryggja, að verkið yrði ekki unnið án eftirlits á staðnum, og óljóst er, hvað staðarverkfræðingurinn gat gert til bjargar, ef við er miðað, að hann hafi borið að, þegar vinnan var langt komin. Er þannig varlegra að fallast á það með héraðsdómara, að ekki séu næg efni til að fella bótaskyldu á stefnda. Er þá meðal annars talið ósannað, að gáleysi eftirlitsmannanna sjálfra hafi verið stórfellt, auk þess sem staða þeirra gagnvart byggjanda orkuversins hljóti að hafa breyst að nokkru, þegar hann tók sjálfur við gufuveitu versins til prófunar í höndum starfsmanna sinna.

Á hinn bóginn getur aðaláfrýjandi með engu móti firrt sig ábyrgð á slysinu. Sem eiganda og byggjanda varmaorkuversins bar honum að tryggja gæslu öryggis við framkvæmdirnar og viðeigandi samhæfingu á störfum hinna ýmsu verktaka, er að þeim komu, bæði samkvæmt eðli máls, samningum við verktakana og ákvæðum laga, sbr.

meðal annars 13. gr., 16. gr. og 36. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Gat hann ekki leyst sig undan allri ábyrgð í þessum efnum með því einu að ráða óháða verkfræðiráðgjafa til eftirlits með verkum við bygginguna, þótt það væri eðlileg ráðstöfun. Hér voru gerð mistök, sem rekja verður til brests á samvinnu milli eftirlitsaðila og tiltekins verktaka og samhæfingu verka á byggingarstað, og komu þau niður á starfsmanni annars verktaka, sem ekki átti hlut að þessum bresti. Er einsætt, að aðaláfrýjandi verði að bera ábyrgð á brestinum, er leiði til skaðabótaskyldu, enda hagsmunir hans mestir. Sú skaðabótaskylda verður jafnframt rakin til þess, að aðaláfrýjandi réð sjálfur yfir mestu kunnáttunni um meðhöndlun jarðgufu og varúðarþarfir vegna hennar, en auk þess höfðu starfsmenn hans tekið við forráðum gufuveitunnar og áttu að hafa gát á því, sem að henni væri unnið. Náði bresturinn einnig til þess, að því væri fylgt fast eftir.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu leyti og gera aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda ríflegan málskostnað fyrir Hæstarétti. Málskostnaður milli stefnda og gagnáfrýjanda má falla niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júlí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júlí sl., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 2. desember 1996.

Stefnandi er Engilbert Þórðarson, kt. 241065-5459, Barmahlíð 52, Reykjavík.

Stefndu eru Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf., kt. 660290-1769, Laufásvegi 12, Reykjavík, og Hitaveita Reykjavíkur, kt. 620169-0999, Grensásvegi 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð 2.152.600 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 3. júlí 1996 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 3. júlí 1997. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi auk álags á málskostnað, er nemi virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. eru þær aðallega, að krafist er sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi

verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Hitaveitu Reykjavíkur eru þær aðallega, að krafist er sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara er krafist, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

Með úrskurði, upp kveðnum 9. apríl sl., var frávísunarkröfum stefndu hafnað.

Málavextir.

Stefnandi var starfsmaður Þorgeirs og Ellerts hf. árið 1990. Hann slasaðist 27. júní 1990 við vinnu sína við byggingu Nesjavallavirkjunar. Varð slysið með þeim hætti, að stefnandi, sem var að vinna að raflögnum uppi undir lofti í stöðvarhúsinu, missti meðvitund vegna eituráhrifa og féll að sögn átta metra niður á milligólf úr málmi. Voru starfsmenn Vélsmiðju K. Magnússonar sf., eins verktaka við byggingu stöðvarhússins, að skipta um blindlok á leiðslu, en í henni var brennisteinsvetni. Af þessum sökum barst að sögn stefnanda eitrað loft út í andrúmsloftið.

Við fallið mjaðmagrindarbrotnaði stefnandi, en hlaut að auki ýmis smærri meiðsl. Ári síðar var varanleg örorka stefnanda metin 20%. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 23. ágúst 1990, var óskað eftir afstöðu stefnda Hitaveitu Reykjavíkur til bótaskyldu vegna slyssins. Með bréfi borgarlögmannsins í Reykjavík, dags. 7. sept. 1990, var bótaskyldu Hitaveitu Reykjavíkur hafnað. Stefnandi beindi kröfum sínum vegna slyssins að Vélsmiðju K. Magnússonar sf. og tryggingafélagi þess, Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Tryggingafélagið féllst á bótaskyldu, en greiddi hins vegar einungis hluta skaðabóta, þar sem váttryggingafélagið skuldajafnaði ógreiddum iðgjöldum verktakans á móti bótagreiðslum.

Í janúar 1992 höfðaði stefnandi mál á hendur Vélsmiðju K. Magnússonar sf. og eigendum hennar til heimtu þess hluta bótanna, sem ekki fengust greiddar af váttryggingafélaginu. Með dómi bæjarþings Njarðvíkur 12. maí 1992 voru kröfur stefnanda teknar til greina, en ekki hafði verið sótt þing af hálfu stefnda. En vélsmiðja K. Magnússonar sf. varð gjaldþrota, og dugðu þær greiðslur, sem stefnandi fékk úr þrotabúinu, einungis fyrir áföllnum dráttarvöxtum og málskostnaði.

Að sögn stefnanda var það ekki fyrir en hlutast var til um að heimta bætur úr hendi dómþola, að það kom fram hjá fyrirvarsmönnum Vélsmiðju K.

Magnússonar sf., að starfsmenn fyrirtækisins hefðu lotið fyrirmælum Egils Jónssonar verkfræðings við framkvæmd verksins, sem slysinu olli. Síðar rituðu starfsmenn fyrirtækisins yfirlýsingar, þar sem frá þessu var greint svo og því, að engar viðvaranir hefðu verið í virkjunarhúsinu, þess efnis, að hætta væri á eitruðum lofttegundum. Starfsmenn Þorgeirs og Ellerts hf. hafi og staðfest það skriflega, að engar viðvaranir hafi verið í stöðvarhúsinu.

Að fengnum framangreindum yfirlýsingum var málinu beint að stefnda Hitaveitu Reykjavíkur með bréfi, dags. 1. júní 1993. Því bréfi var svarað 29. júlí s. á. Eftir ítrekaðar innheimtutilraunir stefnanda á hendur stefnda Hitaveitu Reykjavíkur var með bréfi, dags. 31. október 1995, upplýst, að Egill Jónsson verkfræðingur hefði ekki verið starfsmaður stefnda Hitaveitu Reykjavíkur, heldur stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. Eftir þetta var stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. ritað bréf, dags. 9. nóvember 1995, og óskað eftir afstöðu til bótaskyldu fyrirtækisins, en auk þess var Reykjavíkurborg f. h. stefnda Hitaveitu Reykjavíkur ritað bréf sama dag og óskað nánari upplýsinga um réttarsamband stefndu. Svar barst frá stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., dags. 24. nóv. 1995, en bótaskyldu þar hafnað, þar sem starfsmenn Vélsmiðju K. Magnússonar sf. fari með rangt mál í yfirlýsingum sínum. Svar barst frá Reykjavíkurborg 9. janúar 1996, og um leið var sent ljósrít af pappaspjaldi með áletruninni: „Hafa samband við SÓ, áður en þessi blindplata er fjarlægð.“ Í bréfi þessu kom jafnframt fram, að umrædd blindplata væri lok það, sem starfsmenn Vélsmiðju K. Magnússonar sf. höfðu fjarlægt. Jafnframt kom fram, að með SÓ væri átt við Sigurð Ólafsson, verkfræðing hjá stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf.

Eftir þetta var stefndi Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. oft krafinn um bæt看, en verkfræðistofan hafnaði bótakröfu stefnanda.

Fjárkrafa stefnanda styðst við útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings. Reiknaði hann tjón stefnanda 25. júní 1991, en vegna langs tíma, dómafordæma og innborgana var þess óskað af hálfu stefnanda, að hann reiknaði tjónið að nýju miðað við breyttar forsendur. Reiknaði tryggingafræðingurinn tjón stefnanda að nýju 17. maí 1996, og miðar stefnandi kröfu sína við þann útreikning.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi styður málsókn sína á hendur stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. við húsbóndaábyrgð þessa stefnda á skaðaverkum starfsmanns síns, Egils Jónssonar. Hann hafi gefið starfsmönnum Vélsmiðju K. Magnússonar sf. fyrirmæli um að losa lok af leiðslu með þeim afleiðing-

um, að eitraðar gastegundir sluppu út í andrúmsloftið. Það eiturloft hafi síðan valdið yfirliði stefnanda, sem hafi hlotið varanlegan skaða, er hann féll niður átta metra. Sök starfsmanns þessa stefnda sé þeim mun viðurhlutameiri fyrir þá sök, að honum sem starfandi eftirlitsaðila með framkvæmdum einstakra verktaka við virkjunina hafi verið fullkunnugt um, að jarðgufa sú, sem unnin er að Nesjavöllum, sé bráðhættuleg. Þá auki það enn á sök starfsmanns þessa stefnda, að honum hafi verið fullkunnugt um, að aðrir starfsmenn verktaka voru að störfum í stöðvarhúsinu á þessum tíma, starfsmenn Þorgeirs og Ellerts hf., sem enga vitneskju hafi haft um, að til stæði að opna fyrir leiðslu þessa eða það verið gert né því gæti nokkur hætta fylgt. Þar á meðal hafi verið stefnandi. Þá hafi starfsmanni þessa stefnda verið fullkunnugt um, að starfsmenn Þorgeirs og Ellerts hf. hafi verið að störfum uppi við þak virkjunarhússins, þar sem þeir hafi unnið að lagningu rafmagnsleiðslna, en starfsmanninum hafi mátt vera ljóst, að þeir ættu örðugt um undankomu, ef eitraðar lofttegundir yrðu leystar úr læðingi.

Jafnvel þótt treyst yrði framburði þess efnis, að starfsmenn Vélsmiðju K. Magnússonar sf. fari með rangt mál og hafi raunverulega verið búnir að opna fyrir lögnina, er Egill Jónsson kom á vettvang, leysi það stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. ekki undan ábyrgð í máli þessu. Egill hafi ekkert gert til þess að afstýra tjóni á mönnum, þegar hann varð þessa var að eigin sögn. Hið eina, sem hann hafi gert, hafi verið að hvetja starfsmennina til að hraða störfum. Hann hafi ekki hafist handa um rýmingu stöðvarhússins né varað aðra menn, sem í húsinu voru, við hugsanlegri hættu.

Þá beri stefndi Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. sakarábyrgð á því ásamt meðstefnda, Hitaveitu Reykjavíkur, að almennum starfsmönnum annarra verktaka hafi verið ókunnugt um hugsanlegar skaðlegar afleiðingar eitraðra lofttegunda, sem gætu losnað úr læðingi í virkjunarhúsinu. Hafi það þó verið mjög brýnt, þar sem nokkuð margir verktakar hafi komið að smíði stöðvarhússins og margir starfsmenn á vegum hvers þeirra um sig. Verktakar þessir og starfsmenn þeirra hafi enga sérstaka þekkingu haft á eðli þessarar virkjunar og þeim hættum, sem eitruðum lofttegundum gat fylgt. Þannig hafi engar viðvaranir verið uppi í stöðvarhúsinu um hættueiginleika þessara lofttegunda. Þrátt fyrir það að Vinnueftirlit ríkisins hafi skriflega varað verkkaupa, Hitaveitu Reykjavíkur, við löngu fyrir slys stefnanda. Stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. hafi verið falið það verkefni að hafa verkfræðing á staðnum til eftirlits með framkvæmdum. Í þessu sambandi er því sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda sem

ósönnuðu, að pappaspjald það, sem fram lagt ljósrít sýnir, hafi verið sett upp fyrir en eftir tjónsatburðinn 27. júní 1990.

Þar að auki styður stefnandi málsókn sína á hendur stefnda Hitaveitu Reykjavíkur við sök. Framkvæmdir verktaka við virkjunina höfðu dregist svo, að frágangi var ekki lokið, þegar fyrirhugað var að hefja tilraunir með keyrslu orkuversins. Þrátt fyrir það hafi Hitaveita Reykjavíkur hafið tilraunarekstur orkuversins. Í ljósi þess, að enn voru starfsmenn verktaka að störfum innan stöðvarhússins við frágang ýmiss konar lagna, hafi þetta falið í sér vítavert og stórfellt gáleysi. Aldrei sé unnt að koma í veg fyrir það fyrir fram, að leki komi fram við virkjun jarðhita, enda tilraunakeyrsla virkjunarinnar beinlínis gerð í þeim tilgangi að kanna slíkan leka m. a. Þrátt fyrir þetta hafi Hitaveita Reykjavíkur haldið sínu striki með tilraunir til keyrslu í verksmiðjunni án tillits til öryggis þeirra starfsmanna, sem þar hafi verið við almenn iðnaðarmannastörf, algerlega óafvitandi um þá bráðu hættu, sem þeir gátu verið í, eins og komið hafi í ljós daginn, er slys stefnanda varð. Engu breyti í þessu sambandi, þótt lokaúttekt á verkum byggingarverktaka hafi ekki farið fram, er slysið varð, og afhending orkuversins til Hitaveitu Reykjavíkur sem verkkaupa hafi ekki farið formlega fram. Staðreynd sé, að stefndi Hitaveita Reykjavíkur hafi hafið starfsemi í virkjunarhúsinu, þegar slysið varð.

Í ljósi þeirrar stórfelldu hættu, er stafi af hinum eitruðu lofttegundum, sem unnið sé með í Nesjavallavirkjun, beri að leggja strangt sakarmat til grundvallar, þegar háttsemi starfsmanna beggja stefndu er skoðuð. Þannig sé það tvímælalaust, að starfsmennirnir hafi gert sig seka um stórfellt gáleysi, sem stefndu beri ábyrgð á á grundvelli húsbónðaábyrgðar.

Loks reyni á ábyrgð stefnda Hitaveitu Reykjavíkur sem húseiganda gagnvart skaðaverkum undirverktaka, er bitni á grandlausum þriðja manni, sem stefnandi sé tvímælalaust í þessum skilningi.

Af hálfu stefnanda er vísað til reglna skaðabótaréttar, einkum sakarábyrgðar um húsbónðaábyrgð og sérfræðiábyrgð ásamt ábyrgð rekstrar- aðila hættulegrar starfsemi og loks húseigandaábyrgð. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Krafa um málskostnað er studd með vísan til 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er studd með vísan til laga nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf.

Af hálfu þessa stefnda er því haldið fram, að orsök slyssins sé að rekja til stórkostlegs gáleysis starfsmanna Vélsmiðju K. Magnússonar sf. Þeir hafi fengið skýr fyrirmæli frá starfsmanni stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., Sigurði Ólafssyni, að ekki mætti opna lokið nema að höfðu samráði við Sigurð eða Egil Jónsson. Starfsmenn vélsmiðjunnar hafi hunds- að þessi fyrirmæli. Þó hafi þeim mátt vera ljóst, að gæta þurfti mikillar var- kárni í umgengni við lagnir, sem búið var að hleypa gufu á.

Yfirlýsingum Unnsteins E. Kristinssonar, Magnúsar H. Kristinssonar, Ingólfs N. Árnasonar og Kristjáns Magnússonar, þar sem því er haldið fram, að Egill Jónsson staðarverkfræðingur hafi veitt heimild til að skipta um lokið, er sérstaklega mótmælt. Þessar yfirlýsingar verði að skoða í ljósi þess, að enda þótt þær séu allar ódagsettar nema yfirlýsing Kristjáns Magnússonar, sem dagsett er 9. febrúar 1993, muni þær allar vera gefnar tæpum þremur árum eftir slysið. Í lögregluskýrslum, sem gefnar voru daginn eftir slysið, sé ekkert minnst á það, að Egill hafi gefið heimild til þess að skipta um lokið. Það komi hins vegar fram hjá Magnúsi E. Kristjánssyni í lög- regluskýrslu, að Egill hafi komið að, þegar þeir voru langt komnir með verkið. Skýrslur, sem gefnar eru daginn eftir tjónsatburð, séu trúverðugri en skýrslur, sem gefnar eru nær þremur árum síðar. Yfirlýsingar þessar verði einnig að skoða í ljósi þess, að þær hafi verið gefnar, eftir að Hér- aðsdómur Reykjaness komst að þeirri niðurstöðu í dómi, upp kveðnum 12. maí 1992, að ábyrgðin á slysinu lægi hjá starfsmönnum Vélsmiðju K. Magnússonar sf. Vélsmiðja K. Magnússonar sf. hafi ekki tekið til varna í málinu, og verði að telja það ótrúlegt, ef einhver vafi hafi leikið á því, hver ábyrgð bar á slysinu, að þeir hefðu ekki tekið til varna.

Þá er sérstaklega mótmælt fullyrðingum starfsmannanna um, að spjald það, sem Sigurður Ólafsson útbjó, hafi ekki verið sett á lokann fyrr en dag- inn eftir slysið. Þá hafi verið búið að skipta um lokið og því til lítils að útbúa spjaldið þá. Því er mótmælt, að Agli Jónssyni hafi borið að tæma stöðvarhúsið, um leið og hann kom að starfsmönnum vélsmiðjunnar, þar sem þeir voru að vinna við lokann. Hafi ekkert bent til, að um gasleka væri að ræða. Egill Jónsson hafi ekki getað átt von á því, að gas það, sem síðar kom í ljós, að lak úr lögninni, myndi leita upp. Þá hafi Egill ekki heldur séð upp í rjáfrið fyrir milligólfinu, þar sem hann var. Egill Jónsson hafi á allan hátt brugðist rétt við miðað við aðstæður, þekkingu og reynslu. Orsakir slyssins sé öðru fremur að rekja til óaðgæslu starfsmanna Vélsmiðju Krist- jáns Magnússonar sf. og þeirrar staðreyndar, að þeir hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem þeim voru gefin. Í fram lögðum endurritum 18

fundargerða af verkfundum stefnda og Vélsmiðju K. Magnússonar sf. komi fram, að iðulega hafi verið gerðar athugasemdir við öryggis- og umgengnis-mál hjá vélsmiðjunni. Sérstaklega er bent á fundargerð nr. 341 frá 23. febrúar 1989, þar sem athygli er vakin á fundi um öryggismál.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi talið, að Vélsmiðja K. Magnússonar sf. hafi borið alla ábyrgð á slysinu. Hefði tryggingafélagið talið, að einhver annar bæri ábyrgð á slysinu, hefði félagið án efa hafnað bótagreiðslum.

Ef svo ólíklega vilji til, að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að rekja megi orsakir slyssins til vangæslu annarra en Vélsmiðju K. Magnússonar sf. eða að einhver kunni að vera meðábyrgur með verktakanum, hljóti stefndi Hitaveita Reykjavíkur að bera þá ábyrgð, en ekki stefndi Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. Þannig geti Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. ekki borið ábyrgð á því, að ekki voru viðvaranir á vinnustað um hættu af gasleka, en þegar slysið varð, hafi Hitaveita Reykjavíkur þegar tekið hluta virkjunarinnar í notkun. Rekstur virkjunarinnar hafi algerlega verið á ábyrgð hitaveitunnar og engir aðrir mátt eiga við loka á lögnunum. Ef ekki hefði verið búið að taka hluta virkjunarinnar í notkun, hefði ekkert gas verið í lögnunum. Samkvæmt fram lagðri tilkynningu frá 1. sept. 1988 sé almenn öryggisgæsla á Nesjavöllum í umsjá vaktmanna Hitaveitu Reykjavíkur.

Varakrafa stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. um verulega lækkun bóta er rökstudd með eftirfarandi:

Í fram lögðu endurriti verkfundargerða af fundum með þessum stefnda og vinnuveitanda stefnanda, Þorgeirs og Ellerts hf., komi fram, að athugasemdir við öryggismál hjá vinnuveitanda stefnanda hafi verið nokkrar. Sérstök athygli er vakin á fundargerð nr. 442 frá 21. september 1989, þar sem brýnt er fyrir verktakanum að nota öryggishjálma vegna mikillar lofthæðar á vinnusvæðinu. Stefnandi hafi verið við vinnu í átta metra hæð yfir gólfi. Ekki komi fram, hvernig öryggisbúnaði stefnanda hafi verið háttað umrætt sinn og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar af hans hálfu eða vinnuveitanda hans til að tryggja öryggi hans og vinnufélaga hans, sem voru að vinna í svo mikilli hæð. Ef stefnandi hefði t. d. verið í öryggisgrind, hefði hann ekki fallið niður á gólf. Ef í ljós komi, að stefnandi eða vinnuveitandi hans, sem var sjálfstæður verktaki, hafi ekki gætt allra nauðsynlegra öryggisráðstafana, verði að líta svo á, að slysið megi rekja til eigin sakar stefnanda að einhverju leyti.

Þá er gerð athugasemd við örorkumatið frá 25. júní 1991. Það sé framkvæmt, þegar innan við eitt ár sé liðið frá slysinu. Getum megi að því leiða, að of snemma hafi verið farið í örorkumatið. Þá komi fram í örorkumatinu,

að stefnandi hafi verið tímabundinn öryrki í samtals sjö mánuði og sé hluta af útreiknuðu örorkutjóni hans að rekja til tímabundinnar örorku. Í málinu sé engar upplýsingar að finna um það, hvort stefnandi hafi í raun orðið fyrir tímabundnu örorkutapi vegna slyssins. Það komi hins vegar fram á bls. 8 í örorkumatinu, að stefnandi hafi hafið fullt skólanám í Tækniskólanum 20. ágúst 1990, minna en tveimur mánuðum eftir slysið, og það þrátt fyrir það að hann hafi átt að vera 100% öryrki á þessum tíma. Í örorkumatinu komi einnig fram, að slysið eða afleiðingar þess hafi ekki hindrað stefnanda við skólanámið. Af örorkutjónsútreikningnum frá 17. maí 1996 sé ljóst, að örorkutjón stefnanda sé ekki reiknað út miðað við tekjur hans fyrir slys. Örorkutjónsútreikningurinn sé miðaður við meðaltekjur iðnaðarmanna. Tekjutap stefnanda sé með öllu ósannað.

Um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. mgr. 130. gr., sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda Hitaveitu Reykjavíkur.

Af hálfu stefnda Hitaveitu Reykjavíkur er því haldið fram, að það sé grundvallarregla í íslenskum skaðabótarétti, að verkkaupi beri ekki ábyrgð á tjóni, sem rekja megi til sakar sjálfstæðra verktaka eða starfsmanna þeirra. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi verið um að ræða sjálfstætt útboðsverk, sem Vélsmiðja K. Magnússonar sf. hafi tekið að sér og borið alla ábyrgð á. Enn fremur hafi eftirlit með framkvæmd verksins ekki verið á vegum verkkaupa sjálfs, heldur sjálfstæðs verktaka, Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns. Með vísan til þess krefst stefndi Hitaveita Reykjavíkur sýknu með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Verði ekki fallist á sýknukröfu vegna aðildarskorts, er í öðru lagi á það bent, að stefnandi hafi réttilega beint kröfum sínum að þeim aðila, sem sök bar á slysi því, sem málið er af risið. Verktakinn, Vélsmiðja K. Magnússonar sf., hafi borið húsbóndaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna. Bótaskylda verktakans hafi þegar verið viðurkennd af váttryggingafélagi hans, Sjóvá-Almennum hf., og hafi ekki komið til álita af hálfu félagsins að vísa bótaskyldunni til annarra aðila, þ. e. þess, sem hafi haft eftirlit með framkvæmd verksins, eða til verkkaupans sjálfs. Í málavaxtalýsingu stefnanda í dómsmáli því, er hann höfðaði gegn verktakafyrirtækinu og eigendum þess, sé þess hvergi getið, að aðrir en starfsmenn verktakans hafi borið ábyrgð á slysi því, er stefnandi varð fyrir 27. júní 1990. Verktakafyrirtækið og eigendur þess hafi enn fremur viðurkennt alla sök í máli þessu með því að taka ekki til varna í dómsmáli því, sem stefnandi hafi höfðað gegn þeim

til heimtu þess hluta bótanna, sem tryggingafélagið greiddi ekki. Lögreglu-skýrslur, umsögn Vinnueftirlits ríkisins og bréf yfirverkfræðings Hitaveitu Reykjavíkur og staðarverkfræðings eftirlitsaðila, Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., sem dagsett er daginn eftir slys, sýni, svo að ekki verði um villst, að starfsmenn verktakans hafi einir borið alla ábyrgð á slysinu. Síðbúnaðar yfirlýsingar, sem gefnar eru, eftir að verktakafyrirtækið varð gjaldþrota og sýnt var, að bætur fengjust ekki að fullu greiddar, eigi hér engu að breyta og því síður breytt málavaxtalýsing af hálfu stefnanda.

Stefndi Hitaveita Reykjavíkur beri enga ábyrgð á slysi því, sem rekja megi til sakar starfsmanna sjálfstæðra verktaka. Það sé grundvallarregla í íslenskum skaðabótarétti, að verkkaupi beri ekki ábyrgð á tjóni, sem rekja megi til sakar sjálfstæðra verktaka eða starfsmanna hans. Starfsmenn verktakans hafi opnað fyrir blindlokann með þeim afleiðingum, að eitraðar gastegundir hafi borist um stöðvarhúsið. Þetta hafi þeir gert, þrátt fyrir það að eftirlitsaðili hafi gefið fyrirmæli um, að lögnina mætti ekki opna án samráðs við eftirlitið, og að spjald hafi verið sett upp við lokann með samhljóða viðvörðun. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins komi fram, að hvorki verktakinn sjálfur né verkstjóri hans hafi verið á staðnum, þegar slysið varð, og hafi það verið skýlaust brot á samkomulagi því, sem gert var með verkkaupa og verktaka 10. maí 1990. Í 4. gr. þessa samkomulags segi, að verktaki muni hafa hæfan verkstjóra á staðnum allan verktímann. Þá sé og ljóst, að verktakinn og starfsmenn hans hafi brotið ákvæði útboðslýsingar og almennra skilmála, sem séu hluti verksamningsins. Í almennum skilmálum/sérskilmálum segi m. a., að verktaki skuli snúa sér til staðarverkfræðings eða eftirlitsmanns ráðgjafa um úrlausn allra mála, er verði framkvæmd verksins. Ljóst sé, að slys það, sem hér um ræðir, hefði ekki gerst, ef verktakinn eða starfsmenn hans hefðu fylgt þeim fyrirmælum, sem eftirlitið hafði gefið og enn fremur megi lesa í útboðsgögnum. Samkvæmt gr. 22.6 í ÍST 30, sem sé hluti verksamnings, beri verktaki einn skaðabótaábyrgð á tjóni, sem þriðji maður kann að verða fyrir við framkvæmd verksins, nema tjónið hafi hlotist af mistökum eða vanrækslu verkkaupa sjálfs eða manna úr starfsliði hans. Með gr. 2.22.2 í almennum skilmálum/sérskilmálum, sem einnig séu hluti verksamningsins, hafi verið bætt við gr. 22.6 í ÍST ákvæði um, að frjáls ábyrgðartrygging verktakans skuli eigi nema lægri fjárhæð en 24 milljónum króna fyrir tjón í hverju einstöku tilviki. Með þessu sé lögð áhersla á ábyrgð hins sjálfstæða verktaka og áréttað, að hann einn beri ábyrgð á tjóni, sem þriðji aðili kunni að verða fyrir, en ekki verkkaupi. Verkkaupi beri því aðeins ábyrgð, að rekja megi tjón til mistaka eða vanrækslu hans sjálfs eða manna úr starfsliði hans, en því fari víðsfjarri í tilviki því, sem hér

um ræðir. Tilgangur stefnanda til að draga verkkaupa til ábyrgðar vegna tjóns, sem rekja megi til viðurkenndrar sakar starfsmanna sjálfstæðs verk-taka, virðist fela í sér einhvers konar tilraun til þess að fella skaðabóta-ábyrgð á verkkaupa við gjaldþrot hins sjálfstæða verktaka. Ekkert slíkt samningssamband sé milli verkkaupa og verktaka, og beri verkkaupi hvorki solidariska né einfalda ábyrgð á því tjóni, sem rekja megi til sakar verktakans eða starfsmanna hans. Málsástæðum stefnanda um, að stefndi beri ábyrgð á umræddu slysi vegna húseigendaábyrgðar, er enn fremur mótmælt sem röngum og órökstuddum og í andstöðu við grundvallarreglur skaðabótaréttar.

Sýknukrafa stefnda Hitaveitu Reykjavíkur er enn fremur á því reist, að telji dómurinn, að einhver kunni að vera meðábyrgur hinum sjálfstæða verktaka eða að rekja megi tjón stefnanda til mistaka eða vanrækslu ann-arra aðila en verktakans, beri eftirlitsaðili verkkaupa, þ. e. stefndi Verk-fræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf., þar alla ábyrgð. Hitaveita Reykja-víkur hafi gert sérstakt samkomulag við hóp ráðgjafa vegna verkfræðipjón-ustu við orkuver á Nesjavöllum. Í 1. gr. þessa samkomulags sé verkefnið skilgreint sem fullnaðarhönnun orkuvers á Nesjavöllum og eftirlit með byggingu þess. Í 3. gr. samkomulagsins komi fram, að aðalráðgjafi við virkjunina hafi verið Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. Í 4. gr. sam-komulagsins sé fjallað um stjórnun verkefnisins, og komi þar fram í 4. mgr., að eftirlit með framkvæmdum verði í höndum viðkomandi ráðgjafa, en undir stjórn staðarverkfræðings frá aðalráðgjafa. Í verkefnislýsingu fyrir staðarverkfræðing komi fram, að Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. hafi yfirumsjón með öllum verklegum framkvæmdum vegna orkuversins á Nesjavöllum, og sé staðarverkfræðingur fulltrúi hennar. Í 4. lið verklýs-ingarinnar sé þess getið, að staðarverkfræðingur stjórni daglegu eftirliti og hafi frumkvæði að því að kalla eftirlitsmenn til, ef fjalla eigi um tæknileg at-riði á sérsviði þeirra. Í 5. gr. samkomulagsins sé þess getið, að ráðgjafar beri hver um sig ábyrgð á eigin verkum. Hitaveita Reykjavíkur sem verkkaupi hafi ákveðið að kaupa tiltekna ráðgjafarþjónustu, og sé samningur þar til grundvallar. Ráðgjafarnir hafi því komið fram sem sjálfstæðir verktakar hver á sínu sviði. Stefndi Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. hafi annast tiltekna verkþætti fyrir verkkaupa. Meðal þeirra þátta hafi verið eftirlit með framkvæmdum við byggingu orkuversins. Verkkaupi hafi því keypt eftirlitsþjónustu, og hafi Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. annast það verk sem sjálfstæður verktaki. Beri verkfræðistofan því alla ábyrgð, sem rekja megi til vanrækslu af hálfu eftirlits. Verði talið, að tjón stefnanda verði að einhverju leyti rakið til vanrækslu af hálfu eftirlitsaðila

með byggingu orkuversins, beri stefndi Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. þar alla ábyrgð sem sjálfstæður verktaki, er þegið hafi greiðslur fyrir eftirlitsstörf sín frá verkkaupa. Verði með engu móti séð, að verkkaupi, sem falið hafði sjálfstæðum verktaka að annast fyrir sig allt eftirlit, geti borið ábyrgð á tjóni, sem rekja megi til vanrækslu sjálfstæðs verktaka.

Málkostnaðarkrafa stefnda er studd 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varakrafa stefnda Hitaveitu Reykjavíkur um verulega lækkun bótafjárhæðar er á því reist, að ekki hafi verið sýnt fram á, að stefnandi eða sá verktaki, sem hann vann hjá, Þorgeir og Ellert hf., kunni ekki að bera ábyrgð á slysinu að hluta. Stefnandi hafi unnið verk sitt í rúmlega átta metra hæð frá gólfi, og hafi ekki verið upplýst í málinu, hvernig öryggisbúnaði hans hafi verið háttað. Hefði öryggisbúnaður verið fullkominn, megi telja víst, að komast hefði átt hjá því mikla falli, sem stefnandi varð fyrir. Stefnandi beri að hluta sjálfur ábyrgð á þeim vinnuáðstæðum, sem hann starfi við, og verktaki sá, sem hann vann hjá, beri ábyrgð á þeim öryggisbúnaði, sem vera eigi í hverju tilviki.

Þá hafi með engu móti verið sýnt fram á, að tjón stefnanda sé það, sem gefið er í skyn með útreikningi tryggingafræðingsins. Læknisfræðileg örorka stefnanda hafi verið metin 20%, en með engu móti hafi verið sýnt fram á fjártjón hans, og sé það með öllu ósannað.

Skýrslutökur.

Við aðalmeðferð málsins komu eftirtaldir menn fyrir dóm til skýrslugjafar: Ingólfur Niels Árnason, fyrrum starfsmaður Vélsmiðju K. Magnússonar sf. og stjúpsonur fyrirsvarsmanns Vélsmiðju K. Magnússonar sf., Magnús Helgi Kristjánsson, fyrrum starfsmaður Vélsmiðju K. Magnússonar sf. og sonur Kristjáns Magnússonar, Unnsteinn Egill Kristinsson, fyrrum verkstjóri hjá Vélsmiðju K. Magnússonar sf., Kristján Magnússon, fyrirsvarsmannur Vélsmiðju K. Magnússonar sf., Ellert Ingvarsson, yfirverkstjóri hjá Þorgeiri og Ellert hf., Egill Jónsson, fyrrum staðarverkfræðingur við byggingu Nesjavallavirkjunar sem starfsmaður stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., Sigurður Ólafsson verkfræðingur, er hafði með höndum tæknilegt eftirlit með verki Vélsmiðju K. Magnússonar sf. á Nesjavöllum sem starfsmaður stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. Sigurður Ólafsson og Egill Jónsson eru hluthafar í Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf.

Hér fyrir dómi staðfesti Unnsteinn Egill Kristinsson fram lagða, ódagsetta yfirlýsingu sína. Í yfirlýsingu þessari segir m. a. svo:

„Við Kristján vorum á leið heim á föstudags- eða fimmtudagskvöldi, þegar strákarnir voru að undirbúa losun plötunnar fyrir rörinu. Ég fer til þeirra og bið þá að hinkra, en þeir voru ekki byrjaðir á verkinu. Skömmu síðar kemur Egill verkfræðingur, en við biðum til að ræða við Egil. Hann sagði nokkurn veginn orðrétt: „Allt í lagi, en verið þið bara snöggir.“ Við það fer ég af staðnum og Egill líka. Ég tek fram, að engar viðvaranir af nokkru tagi voru á þessum lokum og engir fyrirlestrar haldnir um mögulegar hættur á vinnusvæðinu. Viðvaranir komu þó eftir slysið.“

Hér fyrir dómi bar Unnsteinn, að það hefði verið Kristján Magnússon, sem sagði strákunum að losa plötuna. Unnsteinn bar, að vitað hefði verið, að leiðslan væri hættuleg. Áður hefði það gerst, að maður hefði verið látinn brenna í hana og þá komið blossi út úr henni. Það verk hefði verið unnið að fyrirmælum annaðhvort Egils Jónssonar verkfræðings eða Sigurðar Ólafssonar. Vitað hefði verið, að gas væri í lögninni og Sigurður gert sér vel ljóst, að hættulegt jarðgas væri í henni. Viðvörunarspjald eins og fram lagt ljósrit sýni, hafi komið eftir slysið. Ekki vissi Unnsteinn, hvort þeir Ingólfur og Magnús voru búnir að opna fyrir tæmloka, áður en þeir Egill komu að.

Magnús H. Kristjánsson staðfesti hér fyrir dómi ódagsetta yfirlýsingu sína, en þar segir m. a.: „Þegar við Ingólfur áttum að opna lokana í þessu tilviki, sagði Unnsteinn verkstjóri okkur að biða, meðan hann næði í Egil verkfræðing. Við biðum einhverja stund, en þá kom Unnsteinn með Egil, og sagði hann okkur að gera þetta, en vera snöggir, og síðan fór hann. Ég fann strax lykt, en missti ekki meðvitund, en ég sat á rörinu, meðan ég losaði lokann. Þegar slysið varð, kom Egill aftur og starfsmenn hitaveitunnar. Þeir voru þá allir með grímur. Engar merkingar eða neitt slíkt var þarna, en mér er sagt, að þær hafi komið síðar.“

Við skýrslutökuna tók Magnús fram, að rangt væri í yfirlýsingunni, að Unnsteinn hefði náð í Egil, hann hefði komið með hann. Ekki mundi Magnús, hvort þeir höfðu opnað tæmloka á lögninni, áður en Egill kom. Í smátíma hefðu þeir báðir, Egill verkfræðingur og Unnsteinn verkstjóri, verið viðstaddir. Síðar í skýrslutökunni kom fram hjá Magnúsi, að hann væri ekki alveg viss um, hvort Egill hefði verið þarna, þegar þeir voru byrjaðir að skipta um. Hélt hann, að þetta hefði verið þannig, að er þeir voru að byrja á verkinu, hefði Unnsteinn komið og stöðvað þá. Svo hefði Egill komið, en enginn yfirmaður verið á svæðinu, þegar þeir voru byrjaðir. Það hefði verið Kristján Magnússon, sem sagði þeim Ingólfi að skipta um lokann. Borið var undir Magnús, það sem eftir honum er haft í fram lagðri lög-regluskýrslu frá 28. júní 1990, en þar segir m. a.: „Magnús kvaðst áður hafa tappað vatni úr rörinu, en krani var neðan á því, og hafði hann sett slöngu á

stút kranans og leiddi slönguna síðan í niðurfall í gólfi hússins. Meðan hann var að vinna að þessu, hefði Egill Jónsson komið til sín og sagt sér að flýta sér að ganga frá lokinu; en skömmu síðar heyrði hann dynk, er Engilbert datt niður á gólfvall fyrir ofan.“ Magnús kvað sig minna, að dynkurinn hefði orðið, áður en Egill hvatti sig til að flýta sér. Sig minnti, að það hefði verið fyrir slys stefnanda, að Svanur Þorláksson var að vinna við að skera gat á tank og þá hafi orðið sprenging. Það verk hefði verið unnið með samþykki verkfræðinganna. Ekki mundi Magnús eftir að hafa séð fyrir slysið nokkurt viðvörunarskilti eins og það, sem ljósrit af liggur fyrir í málinu, en eftir slysið hafi verið viðvörunarspjöld um allt.

Ingólfur Árnason staðfesti fyrir dómi ódagsetta yfirlýsingu sína, en þar segir m. a.: „Við Magnús, félagi minn, áttum að skipta um loka á þessari lögn, sem gasið kom út um. Ég man, að Unnsteinn verkstjóri kom og stöðvaði okkur, þegar við ætluðum að byrja, og sagði okkur að bíða eftir Agli verkfræðingi. Ég man, að það var töluverð stund, sem við biðum eftir honum. En er Egill kom, sagði hann okkur að byrja, en ættum að vera snöggir, sagði hann. Ég man, að ég spurði Egil, hvort þetta væri hættulegt, og man enn svarið: „Það hefur enginn drepist af þessu hingað til.“ Síðan fór hann burt. En er við losuðum lokið, fórum við strax að finna lykt, og okkur varð þungt um andardrátt. Magnús gat andað, en hann sat á leiðslunni, en ég stóð á gólfinu. Síðan man ég ekkert, en ég lenti á spítala eftir þetta og missti m. a. sjón um tíma, en er nú alveg búinn að ná mér. Engar viðvaranir voru þarna og okkur ekkert sagt til, en þó man ég, að okkur hafði verið sagt, að gas færi alloft með gólfinu. Við fengum aldrei grímur eða neitt því líkt, og ekki var um fræðslu eða fyrirlestra að ræða.“

Fram kom hjá Ingólfi við skýrslutökuna, að það hefði verið Kristján Magnússon, sem bað þá Magnús Kristjánsson að skipta um lokið. Þetta hefði verið seinni part dags. Ekki hefði mátt opna lokið, fyrr en búið var að fá staðfestingu frá Agli Jónssyni verkfræðingi. Kristján hefði sagt þeim, að þetta væri í lagi, og í því að þeir voru að opna lokið, hefði Unnsteinn verkstjóri komið og spurt, hvort þeir væru alveg vissir um, að þeir mættu gera þetta, og beðið þá að bíða, hann ætlaði að kanna þetta. Í því hafi Egill komið inn og sagt þetta allt í lagi, ef þeir yrðu snöggir. Hann hefði svo farið eitthvað fram, en komið aftur og sagt þeim að vera bara snöggir. Þeir hefðu þá opnað, en þá komið einhver fýla úr þessu. Unnsteinn hefði þá verið á leiðinni í burtu. Þegar slysið varð, hefðu þeir Unnsteinn og Kristján Magnússon verið nýfarnir. Ingólfur fullyrti, að þeir hefðu ekki opnað lokið, fyrr en eftir að Egill Jónsson hefði sagt þeim, að það væri allt í lagi. Ekki mundi Ingólfur, hvort þeir hefðu opnað fyrir tæmiloka á lögninni, áður en þeir töluðu við Egil.

Hér fyrir dómi staðfesti Kristján Magnússon ódagsetta yfirlýsingu sína, en þar segir m. a.: „Almenn og skilyrðislaus vinnubrögð voru um það við framkvæmd Nesjavallavirkjunar, að ekki mátti gera neitt nema með leyfi „eftirlitsins“, þ. e. þeir hlutar veitunnar, sem voru komnir í rekstur. Ef eitt-hvað átti að gera, var það bókað á verkefnafundum með verkfræðingum og yfirmönnum á staðnum. Á sama hátt var það borið undir Egil verkfræðing, þegar átti í þessu tilviki að skipta um blindloka á 6" röri á frárennslislögn frá gufuveitunni, en við það þurfti að opna tæmiloka á lögninni. Vitað var, að gas var í lögninni, en engu að síður var okkur falið að ganga í þetta verk. Það skal tekið fram, að ég var ekki sjálfur viðstaddur verkið, en hef af þessu góða lýsingu. Engin viðvörunarskilti voru á þessum tíma, en þau komu síðar og voru sett upp að skipun „eftirlitsins“.“

Fram kom hjá Kristjáni, að ákveðið hefði verið á verkfundi og tímasett fyrir fram að skipta um „blindflans“. Vitað hefði verið, að þetta væri hættulegt verk. Vélstjórar hitaveitunnar hefðu haft viku, að Kristján minnti, til þess að gastæma lögnina. Lögnin hefði átt að vera tóm, þegar verkið var unnið. Staðarverkfræðingur hefði verið viðstaddur og gefið merki um, að fara mætti í þetta verk. Kristján kvaðst hafa gefið strákunum fyrirmæli um að fara í verkið og síðan farið. Kristján taldi þetta verkefni ofur ómerkilegt verk. Það hefði verið töluvert fyrir slysið, að gufu var hleypt á virkjunina. Kristján vissi um sprengingu, sem varð, þegar Svanur Þorláksson var að gera gat á rör.

Ellert Ingvarsson staðfesti hér fyrir dómi yfirlýsingu, dags. 17. febrúar 1993, en þar segir m. a.: „Í stöðvarhúsi voru engar viðvaranir um, að hætta gæti stafað af eitruðum gastegundum í stöðvarhúsi. Eftir slysið komu slíkar viðvaranir upp. Ekki var tilkynnt sérstaklega, þegar opnun lokans fór fram, að við ættum von á eitruðum lofttegundum á okkar vinnusvæði.“

Fram kom hjá Agli Jónssyni, að rangt væri, að hann hefði gefið fyrirmæli um að skipta um þennan loka. Hann minnti, að það hefði verið einhvern tíma á milli 8 og 9 um kvöldið, að hann átti leið um húsið, en ekki verið á leið að ræða við Kristján Magnússon eða menn á hans vegum í þetta sinn. Ekki mundi hann nákvæmlega, hversu langt verkið var komið, þegar hann kom að, hvort þeir hefðu verið að ljúka við að losa lokið og taka það frá eða jafnvel komnir lengra og byrjaðir að setja fyrstu boltana í lokið, en verkið verið langt komið. Í þessu sambandi vísaði Egill til skýrslu, sem þeir Árni Gunnarsson hjá Hitaveitu Reykjavíkur gerðu daginn eftir til Vinnu-
eftirlits ríkisins. Egill sagði það hafa komið sér á óvart, þegar hann sá þá Magnús og Ingólf við þetta verk, en ekki talið hættu á ferðum. Hins vegar hefði hann beðið þá að hraða sér sem mest og loka þessu í hveli. Hann

hefði ekki fundið gaslykt og metið það svo, að gas hefði þá ekki verið í þessari lögn. Talað hefði verið um, að leiðslan væri tæmd. Það hefði verið hlutverk hitaveitunnar að ganga úr skugga um, að lögnin væri tóm. Þessar lagnir hefðu verið komnar í umsjón hitaveitunnar. Agli var sýnt ljósrit af skilti. Sagði hann, að Sigurður Ólafsson verkfræðingur hefði tjáð sér, að hann hefði sett upp þetta skilti fyrr um daginn, sem slysið varð, áður en hann fór af vinnusvæðinu. Morguninn eftir hafi skiltið fundist rétt hjá staðnum. Ekki mundi Egill eftir því að hafa séð þetta skilti, þegar hann hitti þá Magnús og Ingólf. Önnur skilti varðandi brennisteinsvetni hefðu ekki verið þarna.

Fram kom hjá Sigurði Ólafssyni verkfræðingi, að það að skipta um blind-lok hefði verið verk, sem var á lista yfir óunnin verk. Sama dag og slysið varð, hafi Unnsteinn verkstjóri komið og óskað eftir því, að þetta verk yrði unnið. Sigurður kveðst hafa aftekið það, því að svo margir hefðu verið í vélasalnum á þeim tíma. Farið hefði verið yfir verkið og hvernig það skyldi unnið og jafnframt ítrekað, að þeir yrðu að hafa samráð við þá eftirlitsmenn, sem væru að verkinu, þ. e. Sigurð eða Egil. Sigurður kvaðst, áður en hann fór í bæinn, svona um þrjú- eða fjögurleytið, hafa talað við þá Magnús Kristjánsson og Ingólf Árnason um verkið og svo útbúið spjald, en ljósrit af því liggur frammi í málinu, og hengt á lokið til þess að tryggja, að ekki yrði hafist handa við verkið, án þess að haft væri samband annaðhvort við sig eða Egil. Þegar þetta var, hafi þeir Kristján Magnússon og Unnsteinn Kristinsson verið farnir af svæðinu.

Forsendur og niðurstaða.

Slys stefnanda varð miðvikudaginn 27. júní 1990. Tilkynning til lögreglunnar í Árnæssýslu barst kl. 20.45.

Í skjölum málsins kemur fram, að starfsmenn við Nesjavallavirkjun hafi mátt vita um hættulegt gas í lögnum virkjunarinnar, samanber það, sem fram er komið um sprengingu, sem varð nokkrum dögum fyrir slys stefnanda, þá er Svanur Þorláksson, starfsmaður Vélsmiðju K. Magnússonar sf., var að sjóða stúta og gera gat á lögn.

Þegar það er virt, sem að framan hefur verið rakið úr skýrslutökum fyrir dómi, sést, að þar standa fullyrðingar gegn fullyrðingum, m. a. um eftirtalin atriði: hvort verk það, sem olli slysi stefnanda, hafi verið unnið í samráði við Egil Jónsson staðarverkfræðing eða ekki, hvort viðvörunarspjald, sem Sigurður Ólafsson verkfræðingur kveðst hafa fest á lögnina síðdegis sama dag og slysið varð, var á lögninni eða ekki.

Í fram lagðri, ódagsettri lögregluskýrslu, sem virðist gerð skömmu eftir

slysið, er bókað um vettvangskonnnun lögreglunnar í Árnassýslu 28. júní 1990. Þar er eftirfarandi bókað eftir Magnúsi Kristjánssyni: „... Magnús sagði, að er hann var að vinna að þessu, hefði Egill Jónsson komið til sín og sagt við sig að flýta sér að ganga frá lokinu, en skömmu síðar heyrði hann dynk, er Engilbert datt niður á gólfvall fyrir ofan. . .“

Í sömu skýrslu er m. a. bókað eftirfarandi eftir Agli Jónssyni staðarverkfræðingi:

„Egill Jónsson staðarverkfræðingur kvaðst hafa komið þar að, sem Magnús hefði verið að skipta um lok á enda leiðslunnar og verið langt kominn, en hann sagt honum að vera fljótur að loka leiðslunni. Að sögn Egils og Sigurðar Ólafssonar verkfræðings hafa þeir umsjón með verkum verktaka, sem vinna við virkjunina, og sögðust þeir hafa gefið út fyrirskipun um að opna engar leiðslur án vitundar þeirra.“

Í lögregluskýrslu frá 28. júní 1990 er m. a. bókað eftir Magnúsi Kristjánssyni: „Áður en við bræðurnir fórum að vinna þetta verk, var okkur kunnugt um, að gas væri í leiðslunni, en ekki, að það væri hættulegt. Ég hafði ekki séð neinar viðvaranir uppi, er vöruðu við þessari hættu.“

Fram lögð skýrsla Vinnueftirlits ríkisins er ódagsett. Þar segir um aðstæður á slysstað:

„Magnús Helgi Kristjánsson, kt. 290471-3469, og Ingólfur Níels Árnason (bróðir hans), kt. 230271-4889, voru að vinna við að skipta um lok á áður-nefndri frárennislögn frá gufuveitu, sem er fest í upphengjum í ca 3,5 m hæð frá neðsta gólfi. Þeir voru búnir að losa um lokið, og kom þá Egill Jónsson staðarverkfræðingur að og bað þá vera fljóta að skipta um lokið. Nokkra hveralykt fundu þeir, og þegar þeir voru búnir að setja 2 bolla (sic) í, heyrðu þeir dynk. Kom þá í ljós, að Engilbert Þórðarson rafvirki hafði dottið niður af kranaspori, fallhæð 8,42 m. Hann var ásamt Birki Reynissyni, kt. 080673-5159, að vinna við að setja upp rakaskynjara í loft stöðvarhúss, og notuðu til þess brúkrana stöðvarhússins, en ofan á honum er vinnukarfa, sem þeir unnu í við verkið. Engilbert féll niður á milligólf í stöðvarhúsinu, sem er úr samanröðuðum álplötum. . .“ Og svo áfram í skýrslunni: „Við athugun eftir slysið kom í ljós, að Magnús og Ingólfur höfðu opnað fyrir 15 mm tæmiloka á frárennislögninni í um 10 mín. og leiddu í niðurfall á gólfinu. Úr þeim tæmiloka hefur eitthvað komið af gasi og (vökva) vatni, og hefur einhver mengun verið komin í húsið, áður en þeir opnuðu lokið á „flansinum“. Einnig er loftræstingunni í stöðvarhúsinu þannig háttað, að allt loft kemur inn með veggjum neðst í húsinu og er dregið út uppi við loft. Þess skal getið, að enginn þrýstingur er á lögninni og er opin út í frárennsli frá virkjuninni, en þegar lokið er tekið af rörum,

getur myndast súgur, sem ýtir gasinu út úr leiðslunni öfuga leið miðað við vökvarennslu.“

Í bréfi Hitaveitu Reykjavíkur, dags. 28. júní 1990, undirrituðu af Árna Gunnarssyni yfirverkfræðingi og Agli Jónssyni staðarverkfræðingi, segir m. a.:

„Í gærkveldi gerðust þau mistök, að verktaki opnaði blindlok á gaslög, sem var í rekstri í vélasal stöðvarhússins. Þetta var gert til að skipta um lokið. Eftirlit hafði áður gefið fyrirmæli um, að þessa lög mætti ekki opna án samráðs við það, og jafnframt hafði verið sett upp spjald á lokið með samhljóða viðvörun. Eftirlitsmaður kom að, þegar langt var komið að losa lokið, og gerði þegar athugasemdir við þessa vinnu. Í ljósi þess, hve langt verkið var komið, var það þó samdóma álit hlutaðeigandi aðila að setja nýja lokið á í skyndingu. Síðar hefur komið í ljós, að u. þ. b. 10 mínútum áður en byrjað var að losa blindlokið, hafði verktaki opnað fyrir 15 mm tæmiloka á lögninni.“

Með vísan til alls þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja ósannað, að þeir Magnús Kristjánsson og Ingólfur Árnason hafi losað umrætt lok af lögninni í samráði við eða að fyrirmælum Egils Jónssonar staðarverkfræðings. Telja verður, að þeir hafi verið langt komnir með verkið, þegar Egill kom þar að, og verður að telja það eðlileg viðbrögð hjá Agli að segja þeim Magnúsi og Ingólfi að flýta sér, og óljóst, hvað annað hann gat gert í stöðunni. En eftir því sem fram er komið, leið svo stutt stund, frá því að Egill Jónsson kom að og þar til stefnandi féll, að varla hefði skipt máli, þótt reynt hefði verið að tæma húsið.

Með öðrum hætti hefur ekki verið sýnt fram á aðgerðir eða aðgerðaleysi, sem felli bótaskyldu á stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. Verður þessi stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Framburður Kristjáns Magnússonar, fyrirsvarsmanns verktakans Vélsmiðju K. Magnússonar sf., verður varla skilinn öðruvísi en svo, að hann hafi talið, að lögnin, sem þeir Magnús Kristjánsson og Ingólfur Árnason voru að vinna við, hafi verið tæmd og verkið því hættulaust. En hann bar, að vélstjórar hitaveitunnar hefðu haft viku, að hann minnti, til þess að gas-tæma lögnina. Með öðrum hætti verður varla skilið, að hann fól syni sínum og stjúpyni að vinna verkið og fór sjálfur af staðnum. . .

Egill Jónsson staðarverkfræðingur virðist hafa verið á sömu skoðun, en eins og rakið hefur verið, kom fram hjá honum, að talað hefði verið um, að leiðslan væri tæmd, og það verið hlutverk hitaveitunnar að ganga úr skugga um það, að lögnin væri tóm.

Fram er komið, að framkvæmdir verktakans Vélsmiðju K. Magnússonar

sf. við byggingu Nesjavallavirkjunar höfðu dregist, og var hann orðinn eftir á með verk sitt. Hitaveita Reykjavíkur tók hluta virkjunar í rekstur, enda þótt enn væri verið að vinna í stöðvarhúsinu. Hvað sem líður gáleysi verktakans Vélsmiðju K. Magnússonar sf. og starfsmanna hans, er frumorsök þess, að gasleki varð í stöðvarhúsinu, að virkjunin hafði verið tekin í notkun og þess vegna gas í lögnum. Það, að hitaveitan hóf rekstur, eins og rekstur Nesjavallavirkjunar er, þrátt fyrir það að fjöldi manna væri við vinnu í stöðvarhúsinu, fellir ábyrgð á Hitaveitu Reykjavíkur á tjóni stefnanda, sem var starfsmaður annars verktaka en þess, sem vinna lét verkið, er tjóninu olli. Enda var rekstur virkjunarinnar á ábyrgð Hitaveitu Reykjavíkur, og ekkert er fram komið um sérstakt gáleysi stefnanda eða vinnuveitanda hans.

Verður nú tekin afstaða til tjóns stefnanda.

Af hálfu stefnda Hitaveitu Reykjavíkur er því haldið fram, að enda þótt lækisfræðileg örorka stefnanda hafi verið metin 20%, sé fjártjón stefnanda ósannað.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til lækisfræðilegrar örorku og hún höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta. Verður svo gert í máli þessu.

Tölulega hefur framsetningu dómkröfu stefnanda ekki verið mótmælt, en hún er eftirstöðvar af útreiknuðu tjóni stefnanda. Inni í þeim útreikningi er fjárhæð vegna tímabundinnar örorku, 100% í sex mánuði og 50% í mánuð, sem reiknuð var 678.900 kr. 25. júní 1991. Í útreikningi 17. maí 1996 er fjárhæð þessi sögð 673.900 kr. Nú er fram komið, að stefnandi, sem var rafvirki, þegar slysið varð, hóf um tveimur mánuðum eftir slysið nám í tækni-skóla, og verður því að telja, að hið tímabundna tjón hafi verið ofreiknað um 466.542 kr. Telst því óbætt tjón stefnanda vera 1.686.058 kr., sem stefnda Hitaveitu Reykjavíkur ber að greiða með vöxtum, eins og krafist er.

Stefndi Hitaveita Reykjavíkur greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 365.000 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskattsskyldu lögmannsþóknunar.

Málskostnaður stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. fellur niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Engilberts Þórðarsonar, í máli þessu. Málskostnaður stefnda Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. fellur niður.

Stefndi Hitaveita Reykjavíkur greiði stefnanda, Engilbert Þórðar-syni, 1.686.058 kr. með dráttarvöxtum frá 3. júlí 1996 til greiðsludags og 365.000 kr. í málskostnað.
